

Mánudaginn 28. nóvember 1938.

Nr. 45/1937. **Pálmi Jósefsson**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson).

Krafa um þóknun fyrir yfirkennarastörf við barnaskóla.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu gjafsóknarleyfi 27. apríl f. á. hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. maí s. á., hefir krafizt þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 175.00 með 5% ársvöxtum frá 24. nóv. 1936 til greiðsludags og að honum verði dæmdur réttur til sömu upphæðar mánaðarlega frá og með októbermánuði 1936 skólaár hvert, þ. e. frá 1. sept.—1. júlí, meðan hann gegni yfirkennarastöðu við barnaskóla Reykjavíkur. Svo krefst hann og málskostnaðar eftir mati dómsins fyrir báðum réttum, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefndi hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að skólanefnd brast lagaheimild til að ráða mann til starfa þess, er í máli þessu greinir, og binda þar með öðrum greiðsluskyldu á hendur, þá verða kröfur áfrýjanda þegar af þeirri ástæðu ekki teknar til greina, og má því staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Stefáns Jóh. Stefánssonar, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 31. marz 1937.

Mál þetta er með samkomulagi málsaðilja og að fengnu gjafsóknarleyfi höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu útgefinni 24. nóv. s. l. af Pálma Jósefssyni kennara, hér í bæ, gegn borgarstjóranum í Reykjavík, Pétri Halldórssyni, f. h. bæjarsjóðs „til greiðslu á vangreiddum yfirkennaralaunum við miðbæjarbarnaskólann hér í bænum fyrir september s. l., að upphæð kr. 175.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst stefnandi þess og, að honum verði með dómi réttarins tildæmdur réttur til þess að fá greitt mánaðarlega úr bæjarsjóði, frá og með októbermánuði s. l., á meðan að hann gegnir yfirkennarastöðu, laun sem yfirkennari við fyrrgreindan barnaskóla, kr. 175.00 á mánuði hverjum. Loks krefst stefnandi þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í máli þessu að skaðlausu, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.“

Síðar í rekstri málsins hefir stefnandi gert þá varakröfu, að honum verði tildæmdur réttur til yfirkennaralauna yfir skólatímabilið frá 1. sept. til 1. júlí ár hvert.

Stefndur krefst *aðallega* algerðrar sýknu af kröfum stefnanda, en *til vara*, að stefnandi fái þóknun fyrir tímabilið 1. sept. til 1. júlí ár hvert, gegn því að sinna störfum svonefnds yfirkennara, enda sé hann réttilega til þeirra ráðinn að dómi réttarins. Málskostnaðar krefst stefndur, hvernig sem málið fer.

Tildrög málsins eru þessi:

Hinn 27. sept. 1930 sendir Hallgrímur Jónsson, þá kennari við Miðbæjarbarnaskólann hér í bænum, skólanefndinni svo hljóðandi bréf:

„Í samráði við Sigurð Jónsson skólastjóra óska ég að vera yfirkennari við barnaskóla Reykjavíkur. Hefi ég í hyggju að reyna að samræma móðurmálskennslu í skólanum, auka stundvísu og leitast við að bæta úr siðfágunar-skorti skólanema. Yrði horfið að þessu, myndi ég ekki geta gegnt meira en 2 til þrem kennslustundum á dag.“

Sama dag gerði skólanefndin eftirfarandi tillögu, sem var samþykkt í bæjarstjórn 2. okt. s. á.

„Samkv. beiðni Hallgr. Jónssonar kennara leggur skólanefndin til, að hann kenni framvegis aðeins 3 stundir á dag, þar til öðru vísi verður ákveðið, en liti eftir stundvísu í skólanum og vinni einnig að því að samræma islenzkukennslu í skólanum í samráði við skólastjóra.“

Með samþykkt bæjarstjórnar 15. okt. 1931 var skólastjóra Austurbæjarbarnaskólans, í samræmi við tillögu skólanefndar 6. s. m., heimilað að fela nafngreindum kennara þess skóla samskonar eftirlitsstarf þar og með sömu kjörum, þ. e. létti í kennsluskyldu.

Með samþykki bæjarstjórnar 21. desbr. 1933 var loks ákveðið að greiða hvorum yfirkennara aukalaun úr bæjararsjóði, 175 kr. á mánuði, frá 20. sept. til 20. maí skólaár hvert.

Eftir lát Sigurðar Jónssonar skólastjóra síðastliðið sumar, var Hallgrímur Jónsson skipaður skólastjóri Miðbæjarbarnaskólans frá 1. sept. f. á. að telja. Skólanefnd samþykkti þá á fundi sínum 19. ágúst f. á. að auglýsa þessa svonefndu yfirkennarastöðu lausa til umsóknar, og var umsóknarfrestur ákveðinn til 25. s. m. Bárust nefndinni 10 umsóknir. Á fundi nefndarinnar 27. ágúst valdi hún einn þeirra, stefnanda, til starfsins. Ákvörðun nefndarinnar er bókueð þannig:

„Skólanefnd samþykkti með atkvæðum þeirra Ingimars Jónssonar og Steingríms Guðmundssonar að ráða Pálma Jósefsson sem yfirkennara við Miðbæjarbarnaskólann frá 1. sept. þ. á. að telja með sömu launakjörum og yfirkennari hefir haft og með sama starfssviði, sem ákveðið hefir verið í erindisbréfi núverandi yfirkennara. Guðrún Pétursdóttir vildi ráða Elías Bjarnason.“

Skólinn byrjaði að starfa 1. sept., og tók þá stefnandi við störfum sem yfirkennari. Hinn 3. sept. samþykkti bæjarstjórn svo eftirfarandi ályktun:

„Út af ákvörðun skólanefndar Miðbæjarskólans á fundi 19. ágúst s. l. um að auglýsa til umsóknar yfirkennarastöðu við skólann og ákvörðun meiri hluta nefndarinnar á fundi 27. sama mánaðar að ráða Pálma Jósefsson sem yfirkennara við skólann ákveður bæjarstjórn, að hér eftir skuli ekkert fast yfirkennaraembætti vera við skólann, auk þess sem hún vill taka það fram, að hún litur þannig á, að til þessa hafi engin slík föst staða verið við skólann. Þar sem staða sú, er meiri hluti skólanefndar segist hafa ráðið Pálma Jósefsson í, er þannig ekki til, lýsir bæjarstjórn yfir því, að hún telur ekki unnt að greiða honum úr bæjarsjóði neina þóknun fyrir þau störf, sem hann kann að inna af hendi samkvæmt þessari ályktun meiri hluta skólanefndar. Jafnframt heimilar bæjarstjórn skólastjóra Miðbæjarskólans í samráði við borgarstjóra að ráða Elias Bjarnason til aðstoðar við skólastjórnina á sama hátt og Hallgrímur Jónsson hefir áður aðstoðað skólastjóra, og skal honum greidd þóknun fyrir starfið úr bæjarsjóði.“

Út af þessari ályktun bæjarstjórnar gerði meiri hluti skólanefndar á fundi sínum 5. sept. samþykkt í þá átt, að skólanefndin liti svo á, að hún ætti að ráða vali starfsmanna við skólann, og telji því ályktun bæjarstjórnar frá 3. sept. brjóta rétt sinn og skyldur, og ákvað nefndin að fá úrskurð fræðslumálastjórnarinnar um takmörkin milli valdsviðs skólanefndar og bæjarstjórnar í þessu efni. Jafnframt lagði nefndin fyrir skólastjóra að skipa stefnanda til starfs sér til aðstoðar, unz úrskurður væri fallinn.

Sendi meiri hluti skólanefndar síðan kennslumálaráðherra erindi um málið, dags. 17. sept., og krafðist þess, að fræðslumálastjórnin úrskurðaði, að skólanefnd skuli hafa vald til þess að ráða mann til að gegna yfirkennarastöðu við Miðbæjarskólann. Auk þess var krafizt úrskurðar um nokkur önnur atriði, sem hér er óþarft að greina.

Hinn 5. okt. féll úrskurður ráðherra á þá leið, að skólanefnd bæri að ráða mann í yfirkennarastarfið, og að Pálmi Jósefsson væri því rétt ráðinn yfirkennari við skólann.

Stefnandi segist hafa tekið til starfa sem yfirkennari hinn 1. sept. s. l., og hafa gegnt því starfi síðan. En þegar hann hafi framvísað til bæjarsjóðs reikningi fyrir yfirkennaralaun sín fyrir sept., að upphæð kr. 175.00, hafi borgarstjóri

neitað að greiða hann, og hafi hann því neyðzt til að höfða mál þetta.

Réttarkröfur sínar byggir stefnandi á því, að hann hafi samkvæmt framansögðu verið rétt ráðinn af skólanefnd sem yfirkennari Miðbæjarbarnaskólans frá 1. sept. s. l. og unnið það starf síðan. Fyrir þetta starf hafi bæjarstjórn ákveðið þessa greiðslu, kr. 175.00 á mánuði, og þá þóknun eigi hann að sjálfsgöðu rétt til að fá greidda.

Aðalkröfu sína um sýknu reisir stefndur á þessum rökum:

Hann segir í fyrsta lagi, að hvergi í löggjöfinni sé gert ráð fyrir yfirkennarastarfi við barnaskóla landsins, og hvergi ætlað fyrir greiðslu fyrir slík störf. Þau störf, sem bæjarstjórn á sínum tíma hafi falið Hallgrími Jónssyni, eins og áður er lýst, svo og tveimur kennurum við Austurbæjarbarnaskólann, fyrst Jóni Sigurðssyni og síðar Gísla Jónassyni, hafi verið bundin við nöfn þessara manna, en ekki ætlazt til, að með samþykktunum væri stofnað til nýrra embætta, frekar en bæjarstjórnin vildi vera láta, enda aukabóknun fyrir störfin eingöngu greidd úr bæjarsjóði. Á sama hátt hafi svo bæjarstjórnin með samþykktinni frá 3. sept. s. l. veitt skólastjóra Miðbæjarbarnaskólans heimild til að hafa aðstoð við skólastjórnina, og hafi hún ráðið vali mannsins þá, eins og áður, enda hafi skólanefnd enga lagaheimild til slíks, eins og eðlilegt sé, þar sem bæjarsjóður beri allan kostnað af þessu. Í *öðru lagi* byggir stefndur sýknukröfu sína á því, að þótt svo verði talið, að stefnandi sé rétt ráðinn yfirkennari, þá sé ekki þar með sagt, að bæjarstjórninni beri skylda til að greiða honum neina auknaþóknun fyrir starfið, þar sem bæjarstjórnin ein hafi óskorað vald til þess að kveða á um greiðslur úr bæjarsjóði fyrir slíka aðstoð, sem hér um ræðir.

Þótt hér liggi í rauninni það eitt fyrir til úrlausnar, hvort skólanefndin var bær um að skuldbinda bæjarsjóð til að greiða stefnanda þau laun, er hún tiltók í ályktun sinni 27. ágúst, þá gefur öll meðferð málsins og málflutningurinn hér fyrir réttinum tilefni til að athuga fyrst og fremst, hvort skólanefnd hefir að lögum vald til að skipa mann í þann starfa, er hún fjallaði um á fundum sínum 19. og 27. ágúst, svo sem fyrir er getið.

Í málinu er ágreiningur um það, hvort verið hafi til

föst yfirkennarastaða við skólann. Um leið og það skal tekið fram, að það virðist óþarft hér að taka afstöðu til þess ágreinings, skal þess getið til viðbótar því, sem áður segir, að þegar fyrir 20 árum hafði sá kennari, sem næstur gekk skólastjóra um ráð og framkvæmdir í skólastjórninni, hlotið nafnið yfirkennari, án þess að vitað sé, að nokkurt fyrir-mæli opinbers eðlis komi til. Yfirkennaranafnið virðist eftir skólastjóraskiptin 1923 hafa fallið niður, þar til það var vakið upp aftur með þeim hætti, er áður segir.

Þá segir í ályktun bæjarstjórnarinnar 3. sept. s. l., að þar eftir verði ekkert fast yfirkennaraembætti við skólann. Í sömu ályktun heimilaði þó bæjarstjórnin skólastjóra að ráða nafngreindan fastakennara við skólann sér til aðstoðar gegn þóknun úr bæjarsjóði. Með þessu hefir bæjarstjórnin skilmerkilega játað stöðuga þörf og nauðsyn á sérstökum manni úr kennaraliði skólans til þess starfs, sem skólanefnin átti við og réði stefnanda til á fundi sínum 27. ágúst, enda þótt nefndin teldi sig vera að veita yfirkennarastöðu. Það eftirlitskennarastarf, yfirkennarastarf, sem Hallgrímur Jónsson tókst á hendur 1930 og rækti þar til að hann varð skólastjóri, er því við lýði enn á sama hátt og undanfarið, enda er það tekið fram berum orðum í ályktun bæjarstjórnarinnar. Sú varnarástæða stefnds, að staðan sé ekki framar til, þykir því ekki hafa við rök að styðjast. Starfið er ekki lögfest og stöðunafnið, yfirkennari, ekki heldur, en hefir orðið til á þann hátt, að einn fastakennari við stóru barnaskólana hér í bænum, áður skipaður og launaður samkvæmt landslögum, hefir verið ráðinn til aðstoðar skólastjóra til sérstakra starfa, fyrst mót létti í kennsluskyldu að eins, en hin síðari ár veitt aukalaun fyrir starfið, greidd úr bæjarsjóði einum.

Eftir veitingu skólastjóraembættisins í fyrra, telur skólanefnin það í sínum verkahring, líklega samkvæmt 14. gr. fræðslulaganna, að auglýsa fyrrnefnt starf til umsóknar, og veitir það síðan 27. ágúst s. l. með tilteknu starfssviði og launum upp á sitt eindæmi, og að því er virðist án þess að skólastjóri væri boðaður á fund nefndarinnar til umræðu, enda er því ómótmælt haldið fram í málinu hér fyrir réttinum, að stefnandi sé ekki ráðinn að vilja skólastjóra.

Lög um fræðslu barna nr. 94 frá 1936 voru gengin í gildi fyrir rúmum tveimur mánuðum, er skólanefnin

veitti stöðuna. Meiri hluti nefndarinnar lætur í fyrrnefndu bréfi sinu til ráðherra þá skoðun uppi, að regla laganna virðist vera sú, að skólanefnd ráði alla menn til þeirra starfa, sem bæjarsjóður greiðir að öllu leyti laun fyrir, og segir í bréfinu, að þetta virðist skynsamlegt, þar sem meiri hluti nefndarinnar, hinir bæjarstjórnarvöldu menn, séu fyrst og fremst umboðsmenn borgaranna. Að visu styður þessi rökfærsla ekki rétt skólanefndar til að draga veitingarvald úr höndum bæjarstjórnarinnar sjálfrar, en nefndin styður rétt sinn til veitingarvaldsins sérstaklega við 5. gr. rgj. fyrir barnaskóla Reykjavíkur frá 12. febr. 1934. Þar sem úrskurður ráðherra er einnig byggður á ákvæðum þessarar greinar og þeirri staðhæfingu í bréfinu, að skólanefndin hafi áður ráðið menn í yfirkennarastöðurnar, þá byggir stefnandi og málssókn sína aðallega á þessum sömu rökum.

Eftir því sem upplýst er í þessu máli, er það ekki rétt, að skólanefndin hafi áður skipað aðstoðarmenn skólastjóranna, yfirkennarana, og því síður skipað fyrir um greiðslur til þeirra úr bæjarsjóði. Réttur skólanefndarinnar til slíks valds nú getur því ekki byggzt á fordæmi.

Reglugerðin fyrir barnaskóla Reykjavíkur frá 1934 féll að visu úr gildi með fræðslulögunum frá 1936, en önnur hefir ekki verið sett í staðinn, svo að vera kynni, að í tilvitnaðri 5. gr. rgj. sé að finna haldgóða meginreglu um veitingarvald skólanefndarinnar. Það ákvæði greinarinnar, sem þessi meginregla ætti að felast í, er það, að dyraverði og annað starfsfólk ræður skólanefnd að fengnum tillögum skólastjóra, en þetta fólk nýtur launa úr bæjarsjóði eingöngu.

Hér til er því að svara, að ákvæði þetta, sem virðist ekki hafa aðra stoð í lögum en þá, að skólanefndin hefir umsjón með skóláhúsum, getur enganveginn fengið nefndinni vald til að skipa á sitt eindæmi og án þess að leita tillagna skólastjóra svo mikilvægan og honum náinn samverkamann eins og hans eigin aðstoðarmaður, yfirkennarinn, er. Jafnframt skal á það bent, að árið 1934 var yfirkennaraskipulagið komið í fastar skorður við stóru skólana, og því rík ástæða til í reglugerð þessari að minnast á skipun í þessar aðstoðarsýslanir, ef það hefði verið talið falla undir ráðuneytið að gefa fyrirmæli um þetta.

Hin nýju fræðslulög, sem umrætt veitingarvald nefndarinnar ætti að byggjast á, hafa fremur rýrt en styrkt áhrif hennar um veitingu stöðu og starfa við skólana, nema um skipun prófdómara, sem hún hefir á hendi eins og áður. Nefndinni er nú skylt, þegar fjöldi umsókna leyfir, að mæla með eigi færri en þremur umsækjanda um hverja kennarastöðu, en áður að eins með einum, og nú er henni skylt að leita álits skólastjóra um umsækjendur, en var sjálfráð um það áður. Ef velja skal skólastjóra, er nefndinni skylt að leita álits námsstjóra. Þá ræður skólastjóri nú stundakennara og forfallakennara í samráði við skólaneftnd, en áður réði nefndin þessa kennara að fengnum tillögum skólastjóra. Úrslitavaldið flutt frá nefndinni til skólastjóra. Starf nefndarinnar er umsjónar- og eftirlitskylda og tillöguréttur, en stöðuveitingar hefir hún engar með höndum samkvæmt fyrirmælum laga. Krafa stefnanda hefir þess vegna ekki stoð í hinni orðuðu gildandi löggjöf.

En loks er spurningin, hefir ekki skólaneftndin rétt til að ráða mann í hið umrædda starf samkvæmt anda löggjafarinnar og hlutarins eðli. Þessu mundi þykja auðsvarað, ef þóknunin fyrir starfið væri greidd úr rikissjóði. Skipunarvald skólaneftndar mundi þá ekki koma til mála. Veitingarvaldið væri þá í höndum fræðslumálastjórnar og framkvæmt að líkindum að fengnum tillögum skólastjóra og skólaneftndar. Hinsvegar skal það ekki fullyrt, að það sé í anda fræðslulaganna, að bæjarstjórnin ein ráði vali mannsins af því að hún kostar starfið. Á hinn bóginn verður það ekki staðhæft, að bæjarstjórn sé óheimilt val mannsins af því að fræðslulögin heimili henni engan beinan ihlutunarrétt um barnafræðsluna. Hér er að ræða um eftirlit með skólalöginu, og það banna lög ekki bæjarstjórn að hafa og kosta úr bæjarsjóði umfram það, sem lög heimta, ef þörf krefur. Eftirlitið á skólaneftndin að hafa með aðstoð skólastjóra. Nú annar skólastjóri einn ekki því starfi, sem á honum hvílir að lögum. Hann hefir því fengið aðstoðarmann, einn fastakennara skólans, sem hefir á hendi daglega umsjón fyrir hans hönd, og, að því er ætla má, ábyrgur gagnvart skólastjóra um rækslu starfsins, þar sem það er hluti af venjulegu og lögmæltu starfi skólastjóra sjálfs.

Að þessu athuguðu verður ekki betur séð en að það sé samkvæmast eðli málsins, að skólastjóri sjálfur velji þenna aðstoðarmann sinn, og val þetta fari fram með hliðsjón af 4. mgr. 14. gr. fræðslulaganna. Er þetta einnig í fullu samræmi við það, hvernig stofnað var til starfsins árið 1930. Greiðsla fyrir starfið hlýtur hinsvegar ávallt að vera háð samþykki bæjarstjórnar.

Samkvæmt framansögðu verður ráðning stefnanda til umrædds starfs ekki talin hafa farið fram með þeim hætti, að kröfur hans í þessu máli, gegn mótmælum stefnds, geti orðið teknar til greina. Það ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Pálma Jósefssonar.
Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1938.

Nr. 76/1938. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**
gegn

Jóni Bjarnasyni.

Úrskurðað, að aðiljaskýrslna skuli aflað.

Úrskurður hæstaréttar.

Af hálfu stefnda var því ákveðið mótmælt fyrir héraðsdómi, að hann hefði fengið vörur þær, er áfrýjandi telur honum til skuldar. Kveðst hann engin viðskipti hafa átt við Áburðarsölu ríkisins árið 1934, en hinsvegar hafi hann keypt af henni áburð árið 1933 og greitt andvirði hans við afhendingu.

Eftir uppkvaðningu héraðsdómsins ritaði héraðsdómsmálf lutningsmaður Egill Sigurgeirsson, er af